

MINNISPUNKTAR TIL ÍSLANDSDEILDAR
af samfundum forsætisnefndar í Brussel 30. júní 2011

Sumarfundur forsætisnefndar var haldinn í Evrópuþinginu í Brussel 30. júní sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sótti Helgi Hjörvar fundinn, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál á dagskrá voru samstarf Norðurlandaráðs við ESB, samstarf Norðurlandaráðs við rússneska þingmenn, starfsreglur Norðurlandaráðs og fréttir af starfsemi ráðsins.

Til undirbúnings umfjöllunar um samstarf Norðurlandaráðs við ESB átti forsætisnefnd upplýsinga- og samráðsfundi í Brussel dagana á undan fundinum. Á skrifstofu fastafulltrúa Danmerkur gagnvart ESB fjallaði Jeppe Tranholm-Mikkelsen sendiherra um helstu aðstæður og þætti varðandi formennskuáætlun Danmerkur í ESB á fyrra helmingi árs 2012.

Í sendiráði Íslands gerðu Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður og formaður samninganefndar Íslands í aðildarviðræðum Íslands og ESB, og Þórir Ibsen, sendiherra Íslands gagnvart ESB, grein fyrir stöðu aðildarviðræðanna.

Í Evrópuþinginu fundaði forsætisnefnd með Sendinefnd Evrópuþingsins fyrir samskipti við Sviss, Noreg, sameiginlega þingmannanefnd Íslands og Evrópusambandsins, og sameiginlega þingmannanefnd EES, um Norðurlönd sem svæði í Evrópu, norðurskautsmál, Eystrasaltsáætlun ESB og Norðlægu víddina.

Forsætisnefnd fundaði einnig í Evrópuþinginu með norrænum þingmönnum þess um norrænar áherslu í málum til umfjöllunar í þinginu.

Að lokum átti forsætisnefnd fund með Vesa Vihriälä, ráðgjafa Olli Rehn, framkvæmdastjóra efnahags- og gjaldeyrismála hjá ESB, um fjármálakreppu samtímans í Evrópu.

Forsætisnefnd var sammála um að auka tengsl Norðurlandaráðs við Evrópuþingið með því að fjalla um einstök mál efst á baugi á Evrópuþinginu sem hefðu þýðingu fyrir norrænt samstarf. Áhersla var lögð á að styrkja tengslin við norræna þingmenn Evrópuþingsins, meðal annars með því að stuðla að aukinni þátttöku þeirra á þingum Norðurlandaráðs. Gestir á fundi forsætisnefndar voru starfsmenn norrænna þjóðþinga í Brussel, þau Tuula Zetterman fulltrúi sænska þingsins, Pia Nieminen fulltrúi finnska þingsins, Thomas Søndergård fulltrúi danska þingsins og Per Nestande fulltrúi norska þingsins, og upplýstu þau um störf sín við ráðgjöf til þingmanna þjóðþinga Norðurlanda varðandi mál tengd ESB til umræðu á þjóðþingunum. Norðurlandaráð vinnur nú að uppfærslu ESB áætlunar sinnar sem verður til umfjöllunar á septemberfundi forsætisnefndar.

Norðurlandaráð hefur sl. 20 ár aukið samstarf við rússneska þingmenn. Samstarfið fer fram á vettvangi þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins, þingmannanefnd ráðstefnu um norðurskautsmál, þingmannavettvangi Norðlægu víddarinnar og Barentsráðstefnu þingmanna, auk hringborðsumræðna ráðsins með þingmannasamtökum Norðvestur-Rússlands og gagnkvæmum heimsóknum. Einnig hafa fulltrúar Norðurlandaráðs sótt málþing ungra stjórnáráðmanna á Norðurlöndum og Norðvestur-Rússlandi. Í umræðum forsætisnefndar var undirstrikað mikilvægi tengsla Norðurlandaráðs við rússneska þingmenn, með áherslu á málefni hafsins, norðurskautsmál, menningarmál, þróun lýðræðis og baráttu gegn mansali. Norðurlandaráð vinnur einnig að uppfærslu samstarfsáætlunar sinnar með rússneskum þingmönnum sem einnig verður til umfjöllunar á septemberfundi forsætisnefndar.

Forsætisnefnd fjallaði ítarlega um loka útgáfu skýrslu starfshóps embættismanna um breytingar á starfsreglum og starfsháttum Norðurlandaráðs. Meðal helstu nýjunga sem lagðar eru til er að Norðurlandaráð haldi tvo þingfundi á ári, einn megin þingfund að hausti og einn styttri þingfund á vorin, að einstaklingar og samtök geti fengið áheyrn hjá fagnefndum ráðsins, að nefndir geti haldið opna fundi, að málefni rannsókna flytjist frá menningar- og menntamálanefnd til efnahags- og viðskiptanefndar, að styrkja alþjóðastarf Norðurlandaráðs á grundvelli málefna, og að styrkja samstarfið við ESB og þá sérstaklega Evrópuþingið um eftirfylgni einstakra mála, bæði af fagnefndum og forsætisnefnd.

Undir dagskrárliðnum um starfsemi ráðsins greindi flokkahópur hægrimanna frá stöðu mála varðandi grun um fjárrátt af hálfu fyrrverandi flokkahópsritara hópsins frá Íslandi.